

**427. Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 28. apríl 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að teknir verði á dagskrá sem liður nr. 6 fundargerð 82.fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sem liður nr. 7 boð á ársfund Starfsendurhæfingar Vestfjarða. Aðrir liðir færast aftar á dagskrá sem þessum nýju liðum nemur. Samþykkt samhljóða. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. 1104002F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 61**
Varðar 1.tl. 1102052- Endurskoðun á reglum leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla, Vindheima. Frestað, málið verður tekið fyrir á næsta fundi skólanefndar. Samþykkt samhljóða.
Varðar 7.tl. 1001015 - Önnur mál. Vegna ferða sem börn í 5. - 10.bekk grunnskóladeildar eru að fara í um miðjan maí. Um er að ræða evrópsk skólasamstarf á vegum Comenius og Nord plus. Samstarfi þessu fylgir styrkur (EUR 22.000) sem veittur er til þess að standa undir heildarkostnaði við ferðina, einnig hafa nemendur unglingadeildar verið með fjáröflun í gangi. Framlag sveitarsjóðs verður því ekkert til ferðarinnar. Aðrir tölulíðir bornir upp og staðfestir samhljóða.
- 2. 1104005F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 36**
Varðar 3.tl. 1104056 - ESG upplýsingaskilti um lífríki í fjöllum Tálknafjarðar. Tálknafjarðarhreppur sem landeigandi Naustatanga veitir ESG leyfi til þess að setja umrædd skilti upp skv. erindi fyrirtækisins til bygginganefndar.
- 3. 1104017 - Fjórðungssamband Vestfirðinga, fundargerðir stjórnar 11.2, 4.3, 11.3 og 4.4.2011**
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1103086 - Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð 785.fundar stjórnar 24.mars 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1104065 - MEÓ fundargerð 83.fundar stjórnar þann 8.apríl 2011**
Lagt fram tilkynningar.
- 6. 1104066 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, fundargerð heilbrigðisnefndar 8.apríl 2011**
Lagt fram tilkynningar.

- 7. 1104067 - Starfsendurhæfing Vestfjarða fundarboð á ársfund 29.apríl 2011**
Enginn fulltrúi Tálknafjarðarhrepps hefur möguleika á að mæta á fundinn.
- 8. 1104058 - Jarðborun í Tálknafriði**
Oddvita falið að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1104057 - ESG - heimild til notkunar á merki Tálknafjarða á upplýsingaskiltum.**
ESG ehf. heimilað að nota byggðamerki Tálknafjarðarhrepps á þrjú upplýsingaskilti um fugla og dýralíf í Tálknafirði. ESG ehf. ber allan kostnað af notkun merkisins. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1104052 - Samingur um menningartengda ferðaþjónustu.**
Samningur um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu með áorðnum breytingum skv. bréfi Fjórðungsaambands Vestfirðinga dags. 6. apríl, samþykktur samhljóða.
- 11. 1104047 - Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 728.mál.**
Ákveðið að senda ekki inn umsögn. Samþykkt samhljóða.
- 12. 1104046 - Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um orlof, 661.mál**
Ákveðið að senda ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.
- 13. 1104045 - Iðnaðarnefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu, 720.mál.**
Ákveðið að senda ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.
- 14. 1104044 - Samgöngunefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 726.mál.**
Hreppsnefnd mun fara ýtarlega yfir frumvarpið og senda oddvita ábendingar innan tilskilins frests.
- 15. 1104043 - Samgöngunefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vesfjarðavegi, 439.mál.**
Drög að umsögn liggja fyrir og oddvita falið að senda hana inn fyrir tilskilinn frest. Samþykkt samhljóða.
- 16. 1104063 - Menntamálanefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 747.mál**
Erindinu vísað til skólanefndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða.
- 17. 1104016 - FV samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál.**
Samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál skv. ákvæðum 2.gr. í tillögu að nýjum samningi mennta- og menningarráðuneytis við sveitarfélög á Vestfjörðum 2011 til 2013, sjá 10. lið. Hreppsnefnd samþykkir drög að samstarfssamningi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

- 18. 1104012 - Beiðni um umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf um leyfir til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni við Vestfirði.**
Um er að ræða beiðni um umsögn á breytingu á leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Tálknafirði þ.e. að gildistími leyfis verði framlengdur um tvö ár frá 31.mars 2012 til 31.mars 2014.
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps leggst ekki gegn því að leyfið verði framlengt að teknu tilliti til umfangsmikillar starfsemi sem nú þegar er í firðinum. Samþykkt samhljóða.
- 19. 1103087 - Vestfjarðav. m. Eiðis og Þverár**
Lagt fram til kynningar.
- 20. 1103054 - Sorpurðun Vesturlands. Samningur vegna urðunar í Fíflholti.**
Samingur undirritaður með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps, þann 24. mars 2011, lagður fram. Samingurinn samþykktur samhljóða.
- 21. 1102095 - Innkaupareglur Tálknafjarðarhrepps - endurskoðun**
Engar breytingar komu fram á milli umræðna. Innkaupareglur samþykktar samhljóða.
- 22. 1104005 - Hugmyndir um flutning á hreindýrum á Vestfirði.**
Erindinu vísað til umsagnar fjallskilanefndar. Samþykkt samhljóða.
- 23. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Sveitarstjórn Reykhólahrepps býður hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, ásamt bæjarstjórn Vesturbyggðar og fulltrúum úr samgöngunefnd FV til fundar um sameiginleg hagsmunamál, vegamál þriðjudaginn 10.maí. Hreppsnefnd telur þetta vel til fundið og þakkar frumkvæði Reykhólahrepps sem og gott boð. Íþróttahús og sundlaug, fyrir liggur tilboð í viðgerð á rennibraut við sundlaugina og verðkönnun forstöðukonu á nýjum rennibrautum. Búið er að auglýsa í sumarstörf og er umsóknarfrestur til 3.maí.
Verkefnalisti deildarstjóra áhaldahúss/hafnar lagður fram.
Sumarstörf, drög að auglýsingu kynnt.
Þorrablótsnefnd brottfluttra Tálknfirðinga sendir þakki fyrir stuðning við þorrablót sem haldið var í febrúar.
Fyrstu drög að ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans var kynntur.
Oddviti kynnti fundarmönnum efni fundar með ríkisstjórn Íslands þann 5. apríl á Ísafirði, fyrsti fundur samráðsvettvangs ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum verður haldinn á Ísafirði þann 3. maí nk.
- 24. 1104060 - Búnaðarst. Vesturl skýrsla um samstarfsverkefni um þjóðlendumál ofl**
Lagt fram til kynningar.
- 25. 1104062 - Lögreflugfélag Vesturlands ályktun aðalfundar 19.apríl 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 26. 1104054 - Neysluvatnssýni 31.03.**
Lagt fram til kynningar.

27. 1104013 - BS Vest greiðslur sveitarfélaga á útsvarsframlagi.

Lagt fram til kynningar.

28. 1103088 - Yfirtaka L.Í á starfsemi Spkef sparisjóð 7. mars 2010.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____